

Samspil 2018 – fræðsluátak um starfsþróun í þágu menntunar fyrir alla

SAMSPIL 2018

SAMRÆÐA SAMSTARF SAMLEGD

Í nóvember, 2018 hófst nýtt fræðsluátak Menntamiðju sem hefur hlotið heitið Samspil 2018. Um er að ræða fræðsluátak sem er ókeypis fyrir alla sem starfa við menntun (starfsfólk skóla, frístundaheimila, tónlistarskóla, safnræðslu og fleira). Samspil 2018 er starfsþróunarátak þar sem blandast saman fræðsla, samstarf og samnýting þekkingar og reynslu þeirra sem starfa í skólum í skemmtilegu og aðgengilegu námsumhverfi. Fræðsla fer að mestu fram á netinu og þátttakendur fá að kynnast því hvernig samfélagsmiðlar og tengslanet stuðla að uppbyggilegri og áframhaldandi starfsþróun. **Skráning er enn opin og er hægt að skrá sig hér: <http://samspil2018.menntamidja.is/skraning/>**

Lesið má meira um Samspil 2018 hér: <http://samspil2018.menntamidja.is/hvad-er-samspil-2018/>

Fræðslufundir sem þegar hafa farið fram eru aðgengilegir öllum á vef Samspils 2018.

Samspil 2018 er stutt af [Samstarfsráði um starfsþróun kennara og skólastjórnenda](#) og [Stýrihópi Menntunar fyrir alla](#).